

## **Stjórnarfundur í Grímshaga haldinn 16.-24. desember 2014 (rafrænn)**

Þátt tóku Þóroddur Sveinsson (ÞS), Pétur Diðriksson (PD), Lárus Pétursson (LP), Jón Hallsteinn Hallsson (JHH) sem ritaði fundargerð.

### **1. Framvinda mála frá síðasta stjórnarfundum (17/12)**

Frá síðasta stjórnarfundum (6/11) hefur ÞS unnið talsvert í Grímshagamálum. ÞS og PD áttu fund með LP þar sem ræddar voru aðgerðir sem fara má í strax eða á næstu mánuðum. Þá hefur ÞS kynnt sér ársreikninga undanfarinna ára ásamt skýrsluhaldi (Huppa og Jörð). En LP hefur notað Jörð til að halda utan um ræktunina, en á eftir að skrá uppskeruna alveg frá 2012. LP notar Jörð jafnframt til að gera áburðaráætlanir. Þá hefur ÞS átt samtöl og fundi með LP, Theodóru Ragnarsdóttur rekstrarstjóra Lbhí, Sveinbirni Eyjólfssyni forstöðumanni Nautastöðvar BÍ, Þórarni Péturssyni formanni LS, Hauki Þórðarsyni kennara við Lbhí, Eyjólf Örnólfssyni sérfræðingi hjá Lbhí, Jóni Gíslasyni starfsmanni Lbhí, starfsmönnum KPMG og Líflands. Þá áttu ÞS og JHH fund með Jóhannesi Sveinbjörnssyni, Emmu Eyþórsdóttur og Eyjólf Örnólfssyni starfsmönnum Lbhí um Hestbúið. Í framhaldinu var haldinn deildarráðsfundur þar sem samþykkt var að skoða þá leið að leigja út Hestbúið (sjá sér dagskrárlíð seinna).

ÞS hefur átt fundi með rektor og aðstoðarrektor til að ræða stöðu Grímshaga (Gh), síðast að morgni 17. des. með JHH. Áður var ÞS búinn að greina rektor og aðstoðarrektor frá mjög slæmri rekstrarstöðu Gh. Á fundinum 17. des. var ákveðið að Lbhí segði upp samningnum við Gh frá og með áramótum (sjá líð 4) í þeim tilgangi að auðvelda uppstokkun á rekstri Gh. Sú uppstokkun á ekki að taka meira en 6 mánuði. Einnig ætlar rektor að óska eftir fundi í ráðuneytinu til að ræða sérstaklega mál Gh.

### **2. Fjárhagsstaða Grímshaga í lok árs 2014 (17/12)**

Samkvæmt LP er fjárhagsstaða Gh þessi (þann 23. des.): Staða á bankareikningi (-4.094.997), ógreiddir reikningar komnir á eindaga (-9.093.726), uppsafnaðar útistandandi kröfur (+3.667.825), nýútgefnir óinnheimtir reikningar (+2.469.583), reikningar sem verða gefnir út á næstu dögum (um + 4.000.000).

LP áætlar að útistandandi kröfur um áramót verði u.þ.b. 2,9 milljónir hjá þremur aðilum sem gengið hefur hægt að innheimta. LP er þó vongóður að það skili sér þó hugsanlega þurfi að leysa eitthvað af því með því að taka vélar, heyrúllur eða þ.h. upp í skuldina. LP treystir sér ekki til að segja um rekstrarafkomuna 2014.

Fram kom hjá LP að ekki hefur tekist að lækka skuldir fyrri ára, en skv. síðasta ársreikningi skuldaði Gh um ármót samtals um 41 m kr., mest skammtímaskuldir. Útistandandi viðskiptakröfur voru um 16 m kr á sama tíma, mismunurinn því 25 m kr. nettó.

ÞS hefur upplýst rektor um alvarlega stöðu Grímshaga. Ljóst þykir að Lbhí verði að koma með umtalsvert fjármagn inn í reksturinn til þess að bjarga félaginu frá gjaldþroti. Framundan er því mikil vinna við að byggja rekstrarmódel sem gengur upp. Uppstokkun er óumflýjanleg. Breytingar á rekstri Hests eru hafnar en Hvanneyrarfjosið þarf einnig að taka í gegn.

### **3. Breytingar á bókhaldsumsjón um áramót og framkvæmd ársreiknings 2014 (19/12)**

ÞS hefur lagt til að bókhaldsumsjón færist til Lbhí um áramót, mun hann leita staðfestingar rektors og rekstrarstjóra á því að Lbhí taki við bókhaldinu sem KPMG sá um áður. KPMG (eða einhver önnur óháð endurskoðenda skrifstofa) mun væntanlega halda áfram að gera ársreikninginn. Geri einnig ráð fyrir að rekstrarstjóri sjá um endurskoðun reikninga ársins 2014.

Aðrir fundarmenn eru sammála þessum tillögum ÞS.

#### **4. Uppsögn á samstarfssamningi Lbhí og Grímshaga (19/12)**

ÞS hefur borist bréf frá rektor þar sem samstarfssamning milli Gh og Lbhí er sagt upp með 6 mánaða fyrirvara. Stefnt er að nýr samningur verði til fyrir þann tíma. Væntanlega verður þetta eitt af fyrstu verkefnum nýs rektors.

#### **5. Rekstraráætlun 2015 (21/12)**

LP vinnur að gerð rekstraráætlunar. LP styðst við ársreikning 2013, upplýsingar úr rekstri 2014 eftir því sem hægt er, og svo áform og væntingar eftir því sem tilefni er til. Miðað er við óbreytta kvótastöðu, en að innlögð mjólk verði 1.150 lítrar/dag, og sauðfjárinnlegg verði svipað áfram.

#### **6. Leiga á fjárbúinu á Hesti (21/12)**

Ágætis minnisblað barst frá Jóhannesi, Eyjólfí og Emmu varðandi mögulega útleigu á Hestsbúinu og þau atriði sem þarf að hafa í huga varðandi hugsanlegan leigusamning. Stjórn Gh er sammála því að láta reyna á þessa nálgun? Yfirstjórn Lbhí er upplýst um stöðuna og styður þessar hugmyndir. Fyrst þarf þó að endurskoða samninginn við Nautastöðina.

Skv. LP er enginn skriflegur samningur við nautastöðina um heysöluna. Þó er til leigusamningur um lóðina, sem LP hefur afrit af. Á fundi 14. júní 2010 var samið munnlega um 7.000 kr/rúllu + vsk og +20% álag vegna skítkeyrslu. Eftir þessu samkomulagi hefur verið farið í grófum dráttum síðan, með hækkunum vegna verðlagshækkana. Á síðasta reikningi sem var vegna jan-jún 2014 var verðið 8.200 kr + vsk + 20%. ÞS leggur til að ÞS og LP eigi fund með Sveinbirni í janúar 2015.

#### **7. Skýrsluhaldið í fjósinu – skýringar á ósamræmi í skráningu á kjaranfóðri og nyt (22/12)**

ÞS kallar eftir skýrslu frá LP varðandi þetta. LP er búinn að gera samantekt á innlögðu magni í MS og skráðu afhentu magni samkvæmt róbótanum, en þar kemur í ljós að Gh er að leggja inn u.þ.b. 90% af því sem róbótinn segist setja í tankinn. Það er ekki mikill breytileiki í þessu á milli mánaða. LP telur líklegustu skýringu á þessu að um mælisekkju sé að ræða. LP hefur ekki haft tíma að taka kjaranfóðrið fyrir.

#### **8. Önnur mál (23/12)**

ÞS leggur til fund í næsta mánuði með brautarstjóra og kennurum starfsmenntunarbrautar til að ræða Hvanneyrarfjósíð. Einnig að finna dag fyrir stjórnarfund.

**Fleira ekki gert og fundi slitið.**